



84. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga, haldinn í FSN mánudaginn 8. júní 2020 kl. 16:30.

Mætt: Björg Ágústsdóttir formaður skólanefndar, Hilmar Már Arason, Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari og Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari sem ritar fundargerð. Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara er á fundinum í gegnum Teams, Helga Guðmundsdóttir er í síma og Örvar Marteinson boðar forföll.


Björg Ágústsdóttir formaður bíður fundargesti velkomna og setur fundinn.

Dagskrá:

- 1) **Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.** Bætt inn upplýsingum um lið 12 sem vantaði í fyrirbyggjandi fundargerð. Fundargerð samþykkt með breytingum.
- 2) **Rekstrarstaða skólans.** Skólinn er nokkuð vel settur núna en það er eins og áður, erfitt að átta sig á því hvenær fjármunir komi inn á reikningana og þegar þeir koma, fyrir hvað er verið að greiða.
- 3) **Nemendafjöldi -Nemendaígildi.** Sólrún fer yfir nemendatölur eins og þær eru í dag. Enn á eftir að innrita nýnema en umsóknarfrestur rennur ekki út fyrr en 10. júní.

Eldri nemendur - samanburður haust 2019 - haust 2020				
dags.	staðn.	fjarn.	utan	amt.
28.8.2019	93	63	9	165
11.9.2019	92	63	7	162
8.6.2020	93	26	3	122

- 4) **Útskrift 29.maí 2020.** Hrafnhildur sagði frá því að þrátt fyrir að vera á sögulegum tíma þá tókst að hafa útskriftina nokkuð hefðbundna. Nemendur gátu komið með þrjá gesti með sér en búið var að gefa út




heimild til 200 gesta á samkomum. Kaffiveitingar voru í boði en starfsfólk skar tertur ofan í gesti og kaffikönnur voru á borðum. Ræður voru mjög góðar en hægt er að hlusta á þær á facebook síðu skólans og lesa þær á heimasíðu skólans.

5) Jafnlaunavottun – Persónuverndarlög – Skjalastjórnun – Grænt bókhald.

- a) Hrafnhildur segir frá því að skólinn hafi fengið Jafnlaunavottun 13. mars og óska fundargestir skólanum til hamingju.
- b) Persónuverndarvinna er í gangi og Data Lab Ísland er fyrirtæki sem veitir skólanum ráðgjöf í innleiðingu persónuverndarlaganna.
- c) Sólrún segir frá því hvar skjalavistun stendur en skólinn hefur tekið í gagnið GoPro skjalavistunarkerfið og hefur hafið skráningu skjala í það frá 1. janúar 2020.
- d) Hrafnhildur segir frá Grænu bókhaldi sem skólinn ætti að vera í til að halda utan um vistspor skólans. Framhaldsskólar eiga að vera að vinna að innleiðingu græns bókhalds en það hefur svolítið setið á hakanum vegna mikilla anna við önnur verkefni.

- 6) **Starfsmannamál.** – Solveig Guðmundsdóttir íslensku- og dönskukennari hefur fengið launalaust leyfi næsta skólaár og Jakob Bragi Hannesson félagsgreinakennari er að fara í námsleyfi á sama tíma. Kristín Rós Jóhannsdóttir fór í fæðingarorlof fyrir páska og hefur eignast stúlku. María Kúld kom úr fæðingarorlofi 1. maí en hún hafði verið í 25% starfi með orlofinu. Það er ekki búið að ráða dönskukennara en Agnes Helga Sigurðardóttir hefur verið ráðin sem ráðgjafi en staðan hennar var auglýst tvisvar. Hrafnhildur segir frá því að hún hefur ráðið Gunnlaug Smárason til að kenna stærðfræði á næsta ári. Hann mun væntanlega fara í tölvukennslu líka þar sem það er sérgrein hans. Birta Antonsdóttir er væntanlega að ljúka meistaraþrófi í júní og Hermann Hermannsson er að ljúka kennsluréttindanámi frá Akureyri núna í sumar. Hann heldur áfram sem mannauðsstjóri í 25% starfi og mun væntanlega kenna 75%. Erna bendir á að kennarar með grunnskólaréttindi hafi bara rétt á að kenna áfanga á fyrsta þrepi í sínu sérhæfingarfagi en ekki áfanga á efri þrepum.



- 7) **Tímabundin umbun til kennara vegna COVID-19.** Hrafnhildur segir frá samstarfsvettvangi skólameistara, aðstoðarskólameistara og ráðuneytis á Workplace sem stofnað var til vegna COVID -19. Þar komu fram hugmyndir um að umbuna kennurum vegna ástandsins og reið Tækniskólinn á vaðið og greiddi einhverja umbun til starfsfólks síns en það eru fáir skólar sem hafa bolmagn til að gera slíkt. Hrafnhildur vill að svona ákvörðun eigi að koma miðlægt og þá frá ráðuneytinu.
- 8) **Hleðsla fyrir rafbíla á lóð skólans.** Hrafnhildur segir frá því að hún hafi sent erindi til stjórnar Jeratúns um leyfi fyrir hleðslustöð fyrir rafbíla á lóð skólans og fékk hún jákvætt svar við því. Stjórn Jeratúns vill hafa hönd í bagga með það hvaða stæði verði notuð undir þetta. Hilmar spyr hver myndi borga slíkt og segist Hrafnhildur ekki hafa farið svo langt ennþá. Björg bendir á að Orkusjóður hafi auglýst eftir styrkumsóknum til að setja upp hleðslustöð.
- 9) **Skólaakstur.** Samningurinn við hópferðabíla Svans Kristófers rann út 21. maí s.l. Það má endurnýja þennan samning um ár í senn, tvisvar sinnum en breytingar hafa orðið hjá LÍN þannig að frá og með næstu önn verður styrkur til nemenda greiddur beint til nemenda en ekki til skóla. Það þarf að finna einhverja lausn á þessum málum og á Hrafnhildur von á því að framlengja samninginn við Svan og finna útfærslu á framkvæmdinni.
- 10) **Hvað lærðum við á COVID-19?**
- a) Erna segir að það sem við höfum aðallega lært sé hversu framarlega við stöndum í tæknimálum. Hlutirnir hafi gengið ótrúlega vel. Helga velti því upp hvort við þurfum ekki að vera duglegri að segja frá sérstöðu okkar og færni í tæknimálum og kennslu með fjarnámssniði. Hrafnhildur segir að það hafi verið tekið viðtal við hana í Skessuhorni vegna Covid 19 og viðbrögðum skólans við breyttum áherslum. Nemendur sögðu að kosturinn hafi verið sá að truflun samnemenda væri lítil en að sama skapi hafi það einnig verið ókosturinn því þau hittu ekki vini sína.
- b) Hrafnhildur sagði frá neyðarstjórn sem hún stofnaði í febrúar og hittist hópurninn á fundi á hverjum virkum degi kl. 9.



11) Önnur mál.

- a) Hilmar spyr út í laun fyrir stjórnarsetu. Hrafnhildur segir að núna sé Rúna fjármálastjóri komin úr fæðingarorlofi og að laun ættu að vera greidd um næstu mánaðarmót.
- b) Hilmar spyr út í Mentor fyrir nemendur og segir Hrafnhildur að verið sé að vinna að slíku verkefni fyrir næstu önn.
- c) Björg spyr út í stefnumótunarvinnu skólans og segir Hrafnhildur að tíminn hafi svolítið farið í annað en að nú fari að líða að þessari vinnu.
- d) Erna spyr út í það hvort einhver vitneskja sé um sálfræðipjónustu fyrir nemendur FSN. Umræður um það og segir Björg m.a. að sveitarstjórnarmenn af Snæfellsnesi hafi verið að funda með HVE vegna þessara mála.
- e) Skólanefnd vill færa kennurum og starfsfólki skólans kærar þakkir fyrir gott starf á tímum COVID-19.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 15. september kl. 16:30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:13